

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



Dags eftirlits	5.6.2015	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5702972609	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn Dögg Steinsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Friðgeir Björnsson	Staðsetning	365596,685 431351,563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik og engar athugasemdir voru gerðar við starfsemina.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var í megindráttum eftirfarandi:

1. Flokkun og skráning úrgangs
2. Rekstur kerja. Mötun, viðbragð við spennurisum, aftöppun áls, umhelling umfram raflausnar, skautskipti
3. Útreikningar á losun SO₂
4. Útstreymisbókhald. PFC og PAH útreikningar
5. Skoðunarferð um gámavöll og kerskála

1. Greint er frá helstu úrgangsflokkum í Grænu bókhaldi. Gámavöllur er innan lóðar hjá Norðuráli en hann er rekinn af Hringrás. Starfsmaður gámvallarins fer um verksmiðjulóðina og tæmir tunnur og spilliefnakör og sér um flokkun og vöktun á gámavellinum. Ný flæðigryfja var tekin í notkun á síðasta ári. Búið er að flytja umframmagn af framleiðsluúrgangi sem urðaður var tímabundið í eldri flæðigryfju, yfir í nýju flæðigryfjuna. Flæðigryfjan er vöktuð af starfsmanni Faxaflóahafna. Myndavélar eru á svæðinu og allir farmar eru vigtaðir inn í gryfjuna.

Álgjall er sent til endurvinnslu hjá Alur í Helguvík. Umhverfisstofnun hefur gefið heimild fyrir að gjallsandurinn sem eftir verður, eftir endurvinnsluna, sé fluttur í flæðigryfju Norðuráls, en ekki hefur það verið gert enn. Verktaki (Bjarnar) sér um að brjóta kerfóðringu úr kerum og flytja kerbrotin yfir í flæðigryfju. Straumteinar og skautgafflar eru sendir til endurvinnslu til GMR Endurvinnslu á Grundartanga.

2. Unnið er að framleiðsluaukingu í kerskálum Norðuráls með því að auka straum kerskálanna. Afköst þurrhrensivirkis fyrir kerlínu 1 hafa verið aukin með því að skipta hefðbundnum síupokum út fyrir nýja stjörnuformaða síupoka. Eitt af þeim verkefnum sem einnig er í undirbúningi gagnvart afsogi á kerlínu 1 er að innleiða sjálfvirka stýringu yfir á tvöfalt afsog við skautskipti.

Daglega er um 5 tonnum af raflausn tappað af kerjum í kerskála. Þetta umframmagn af raflausn er kælt í hliðarútskoti frá kerskála og svo endurunnið í baðhrensivirki.

3. SO₂ er mælt samfelt í útblæstri frá öllum þurrhrensistöðvunum en auk þess er losunin reiknuð út frá brennisteinsinnihaldi í forskautum og súráli. Sýni eru tekin úr súráli árlega til að greina brennisteinsinnihald og í hverri þöntun af forskautum. Gert er ráð fyrir að um 0,18 kg SO₂/tonn Ál fari út um rjáfur kerskálanna.

4. Minnt var á að í útstreymisbókhaldi á að tilgreina PFC losun í einingunni kg/ár en ekki í CO₂ ígildum. PAH mælingar voru gerðar árið 2012 en Norðurál gerir ráð fyrir að gera nýjar mælingar á nýju ári í tenglum við nýtt starfsleyfi sem er í vinnslu.

5. Að lokum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna. Farið var í kerskála þar sem að litið var á kæliherbergi fyrir raflausn og fylgst með skautskiptum. Norðurál hefur sett skýrar verkreglur um að lágmarka opnun kerja við skautskipti. Umgengni í kerskála var góð og ástand kerloka gott. Einnig var farið á gámavöll. Spilliefni eru geymd í spilliefnakörum á steypu plani með lokaðri fráveitu. Vel var haldið utan um flokkun úrgangsefna á gámavellinum.

ANNAÐ

Tillaga að nýju starfsleyfi Norðuráls er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun. Tillagan gerir ráð fyrir 350.000 tonna framleiðslu á ári sem Norðurál stefnir á að framleiða með breytingum á núverandi kerlinum.

Mæliáætlun þarfnast uppfærslu með nýjum mælistaðsetningum í kerskálum og með breyttu fyrirkomulagi á frárennismælingum. Umhverfisstofnun óskar eftir tillögu að nýrri mæliáætlun til yfirferðar hjá stofnuninni.

Umhverfisstofnun óskar eftir að mælt hlutfall flúors í ryki sé tekið fram í ársfjórðungsskýrslum sem og áætluð losun SO₂ út um rjáfur.

Reykjavík, 08.07.2015



Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.